Fullgild rafræn undirskrift
KRISTÍN ÞORSTEINSDÓTTIR KRÖYER
2026-06-04 10:26:31 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
STELLA HRÖNN JÓHANNSDÓTTIR
2026-06-04 10:53:01 GMT
Ástæða: Undirskrift

Umhverfis- og orkustofnun

Vegagerðin
Ísafjörður

4. júní 2026, Reykjavík
UOS-3373

# Efni: Reglubundið eftirlit þann 21. apríl 2026 hjá Vegagerðinni, Ísafirði.

Þann 21. apríl 2026 fór fram reglubundið eftirlit í Vegagerðinni, Ísafirði . Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

## Sex ný frávik komu fram er varða:

| Frávik frá | Lýsing á fráviki | Staða á fráviki |
|---|---|---|
| gr. 3.3 í starfsleyfi | Frávikið var skráð: 21. apríl 2026<br><br>Rekstraraðili skal skrá reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila<br><br>*Rekstrarhandbók var ekki til staðar á starftöð* | **Opið** |
| gr. 2.4 í starfsleyfi | Frávikið var skráð: 21. apríl 2026<br><br>Reglubundnu viðhaldi og losun mengunarvarnabúnaðs ekki sinnt eða er ábótavant.<br><br>*Yfirfara þarf virkni olíuskilju á a.m.k sex mánaða fresti* | **Opið** |
| gr. 4.2 í starfsleyfi | Frávikið var skráð: 21. apríl 2026<br><br>Tilkynna skal Umhverfis- og orkustofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðaupplýsingum<br><br>*Rekstraraðili upplýsti stofnunina ekki um nýjan tengilið fyrir stöðina* | **Opið** |
| gr. 4.7 í starfsleyfi | Frávikið var skráð: 21. apríl 2026 | **Opið** |

| | | |
|---|---|---|
| | Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfis- og orkustofnun metur gilda, sem jafngildir 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.<br><br>*Rekstraraðili gat ekki framvísað tryggingaskýrteini vegna ábyrgðatryggingar.* | |
| gr. 3.2 í starfsleyfi | Frávikið var skráð: 21. apríl 2026<br><br>Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi<br><br>*Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár* | **Opið** |
| gr. 3 í reglugerð 206/2025 um breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald. | Frávikið var skráð: 21. apríl 2026<br><br>Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.<br><br>*Umhverfisupplýsingum hefur ekki verið skilað.* | **Opið** |

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 19. júní 2026.

Virðingarfyllst,

**Kristín Kröyer**
Sérfræðingur í teymi eftirlits

**Stella Hrönn Jóhannsdóttir**
Sérfræðingur í teymi eftirlits